




Fornasel

Prufuholugróftur í seljarústir suður af Straumsvík



Bjarni F. Einarsson
2001

Á forsiðu: Yfirlit yfir rústirnar (Hús 1 - 3) sem rannsakaðar voru og vatnsbólíð. Fleiri rústir eru á staðnum svo sem stekkir, öskuhaugar og aðhald sunnan við (neðan) rústirnar. Teikn. BFE.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Umhverfis- og útivistarfélag Hafnarfjarðar

© Bjarni F. Einarsson

Janúar 2001

1 Inngangur

Rannsóknin á Fornaseli er í raun beint framhald af samvinnu Fornleifafræðistofunnar og Umhverfis- og útivistarfélags Hafnafjarðar varðandi fornleifar í nágrenni Hafnafjarðar. Þegar hefur verið gerð frum-fornleifaskráning í Hraununum (Bjarni F. Einarsson 1998) og prufuholugröftur í Jónsbúð við Straumsvík (Sami 1999).

Verkefnið er samvinnuverkefni *Umhverfis- og útivistarfélags Hafnafjarðar, Byggðasafns Hafnafjarðar og Fornleifafræðistofunnar*.

Markmið rannsókna var að freista þess að ná viðarkolum eða húsdýrabeinum til geislakols-aldursgreininga (C-14) og að kanna í hvaða ástandi fornleifarnar að Fornaseli væru. Að öðru leyti verður að líta á þessar rannsóknir sem fyrsta skref í rannsóknum á staðnum.

Starfsmenn rannsókna voru, auk undirritaðs, þau Auður Magnúsdóttir, Björn Pétursson, Daniel Lindblad, Karl Rúnar Þórsson, Jónatan Garðarsson og Lovísa Ásbjörnsdóttir. Þakka ég þeim öllum fyrir ánægjulegt samstarf, góðar ábendingar og gott kaffi og meðlæti. Einnig þakka ég *Byggðasafni Hafnafjarðar* fyrir sýndan áhuga.

2 Staðhættir


Fornasel stendur á hraunbunu í svokölluðum Almenni í Hrutadyngjuhrauni, ca. tvo km suður af álverinu í Straumsvík. Hraunið sem selið stendur á er talsvert hærra en landið norðan við það og myndar einskonar ás frá vestri til austurs. Neðan við þetta hraun að norðan- og austanverðu er öllu yngra hraun, Kapelluhraun, úfið og illt yfirferðar. Hraunbungan sem selið stendur á er nokkuð gróin, en sérstaklega eru bollar í hrauninu víða vel grónir og ákjósanlegir sem beitiland fyrir fé selstöðunnar.

Rústirnar við Fornasel eru nokkrar talsins, auk þeirra sem rannsakaðar voru. Má þar nefna stekk eða stekki og öskuhauga í kvos nokkra metra suður af rúst 2. Allar þessar rústir eru óspilltar af seinni tíma framkvæmdum manna.


Selsins er hvergi getið í rituðum heimildum og er aðeins nefnt í Örnefnaskrá. Um nafngiftina er ekkert vitað en hún hlýtur að vísa í fornt sel eða að annað sel hafi tekið við þessu (Nýjasel?) og nýtt nafn fest á hið gamla!

3 Aðferð

Skammt vestur af seljarústunum var hraunnibba sem ákveðið var að hafa sem viðmiðunarpunkt (Fix-punkt). Var hann skýrður X 100 Y 100 og hæð hans ákveðin 50 m yfir sjávarmáli. Var dregin lína beint í austur og var það Y 100 línan.



Mynd 1. Staðsetning Fornasels í Almenninum. (Landmælingar Íslands 1989).



Mynd 2. Yfirlit yfir rústirnar (Hús 1 - 3) sem rannsakaðar voru. Fleiri rústir eru á staðnum svo sem stekkir, öskuhaugar og aðhald sunnan við (neðan) rústirnar. Sama mynd og á forsíðu. Teikn. BFE.

Yfirlitsteikning var gerð í mælikvarðanum 1:50. Snið eða plön prufuholanna voru ekki teiknuð. Þau voru hins vegar ljósmynduð.

Yfirborðssnið voru teiknuð yfir allar rústirnar frá N til S. Voru þau látin liggja yfir prufuholurnar vestanverðar.

Öllum gripum úr hverri prufuholu var safnað saman í poka og þeim gefið fundarnúmer (sjá fundaskrá). Þeir voru ekki hæðarmældir sérstaklega, né meðhöndlaðir einir og sér.

Notuð var stafræn ljósmyndavél (Olympus Camedia C-820L) og hefðbundin myndavél (litskyggjur) þegar birta leyfði (sjá ljósmyndaskrá).

4 Rannsóknin

4.1 Prufuhola 1. X 89 Y 114


Prufuholan var tekin inni í Húsi 1, í SV - horni í syðra hólfi. Stærð holunnar var 1 x 1 m og dýpt hennar ca. 0,8 m. Rétt undir grasrótinni komu mannvistarlög í ljós. Sáust þar einstaka viðarkolamolar og brennd bein. Á 0,5 m dýpi kom í ljós móaska og ca. fjóra sm undir henni var komið niður á fremur stórar leifar af brenndum við, sem var



Mynd 3. Hnífur úr neðsta gólfi Húss 1. Sjá má koparnagla og viðarskaft. Blaðið er brotið af og trúlega mjög forbrýnt. Lengst t.h. má sjá einn koparnaglann. Ljós. BFE.

úr eik (sýni nr. 3). Nokkur gólf voru í rústinni (ekki hægt að telja þau nákvæmlega en ekki færri en þrjú og neðsta gólfið var á 0,70 m dýpi. Var það 10 sm þar sem það var mælt. Undir því var komið niður á dautt. Í gólfinu voru viðarkol, brennd bein, aska og móaska. Greinilegt er að gólf þetta hefur verið í íveruhúsi manna, hvort sem það var eldhús eða íbúðarhús. Eldstæði hefur verið í því alla tíð.

Í efri mannvistarlögunum fannst talsvert af gripum (sbr. fundaskrá nr. 1). Þar voru m.a. naglar, gler og hismi af skel. Í neðri hluta holunnar (næst neðsta gólf?) fundust hluti af koparhring (nr. 4), rauðleirsbrot með rauðbrúnum glerungi (nr. 5) og hnappur úr silfri(?) (nr. 6).



Mynd 4. Hús 1.

Í neðsta gólfinu fundust óræður járngripur (nr. 7) og hnífur (nr. 11). Á hnífnum var stór hluti skaftsins varðveittur og á því mátti sjá koparnagla sem heldur því á sínum stað.

Ofan á neðri mannvistarlögunum var mikið af hraungrjóti, sem hrunið hefur úr yngri veggjum hússins, en greinilegt var að húsið hefur margsinnis verið endurhlaðið eða endurgert og er fjöldi gólfa vísbending um fjölda endurgerðanna.

Hús 1 er trúlega byggt ofan í lítilli sprungu eins og hús 2.

4.2 Prufuhola. 2. X 83 Y 119,5

Prufuholan var grafin inni í syðra hólfi húss 2, nánast fyrir miðju þess. Holan var 1 x 2 m á stærð og mesta dýpt hennar 1,27 m. Stefna holunnar var NNA – SSV, dálítið á skjön við hnitakerfi. Á 0,49 m dýpi kom í ljós mannvistarlag. Í því voru einstaka viðarkolamolar. Á 0,65 m dýpi varð vart við fyrsta gólfið (gólfin) og á 0,84 m dýpi var dökkbrúnt mannvistarlag með einstaka viðarkolum og brenndum beinum. Undir því var moldar/leirkennt lag sem náði niður að neðsta gólfi sem var á 1,17 m dýpi. Undir því var komið niður á dautt.

Nokkur gólf komu í ljós, en þau voru afar óljós enda lítið um viðarkol og brennd bein í þeim. Helsta vísbendingin um tilvist þeirra var hve vel þau voru trömpuð og nokkrir gripir. Neðsta gólfið, á 1,17 m dýpi, var allt öðru vísi en önnur gólf, en það var fullt af viðarkolum og brenndum beinum. Var gólfið um 10 sm þykkt. Ofan á þessu gólfi, í moldar/leirkennd-lagi, var mikið af hraungrjóti sem fallið hafði úr yngri veggjum hússins. Hugsanlega hefur mold verið borin í gamalt hús og það endurhlaðið og fengið nýtt hlutverk um leið. Í fyrstunni hefur verið eldstæði í húsinu, en það horfið á seinni stigum þess.


Ofarlega í prufuholunni fundust naglar og teinar (nr. 2). Á 0,55 m dýpi fundust m.a. hóffjöður, hnífur, leirkersbrot með sinnepsgulum glerungi og krítarpípuleggur með skreytingu við annan endann, nær hausnum! (nr. 8). Leggurinn var brotinn báðum megin. Nokkru neðar fannst annað leirkersbrot af sömu tegund og áður er getið (nr. 9).

Í Neðsta gólfi fundust naglar, leirkersbrot með okkurgulum glerungi (kanntur) og gripur sem líktist hólki og gæti verið úr silfri. Var hann skreyttur (nr. 10).

Hús 2 hefur verið byggt ofan í sprungu í hrauninu. Við suðurkannt sprungunnar er jarðföst hraunhella sem hefur verið hluti af mannvirkinu. Hugsanlega hefur hellan fyrst verið hluti af vegg, en síðar verið notuð sem set eða bekkur. Þessi hella hefur dálítið aðra stefnu en yngsta húsið hefur haft.

4.3 Prufuhola. 3. X 93 Y 127

Prufuholan var 1 x 1 m að stærð og mesta dýpt hennar var 0,62 m. Rétt undir grasrótinni tóku viðarkolamolar að koma í ljós. Einnig tóku örfá morkin bein að sjást. Á 0,55 m dýpi var komið niður á gólf, 2 – 4 sm á þykkt og nokkuð óljóst. Í því voru viðarkolamolar og einstaka brennd bein. Mest var af kolunum í NV og SA – hornum holunnar. Í gólfinu fundust járnteinn, járnlykkja, hismi af skel (bláskel – öðuskel?)



Mynd 5. Hús 2. Hraunhellan er ekki sýnd á myndinni, en hún hafði skýra NV – SA stefnu.

og brýnisbútur sem lá undir grjóti í SA – horni. Gólfið var nánast beint ofan á klöpp (hrauni).

Líklega stendur hús 3 ofan á eldra mannvirki (sjá óljóst form vestan megin við húsið á teikningu).


5 Fundir

Í lýsingu einstakra prufuhola eru fundir tíundaðir. Flestir þeirra eru ekki aldursgreinanlegir, en þó má greina leirkerabrotin og krítarpípulegginn. Leirkerabrotin eru trúlega frá því um 1600 – 1700 og krítarpípuleggurinn er yngri en 1600.

6 Önnur mannvirki

Auk þeirra þriggja húsa sem könnuð voru má sjá á staðnum tvo stekki í kvos eða sprungu nokkra metra sunnan við húsinn. Þar er jarðfall í hrauninu sem gæti einnig hafa verið notað sem stekkur eða aðhald/kró.

Á brún áðurnefndrar sprungu, á milli Húsa 1 og 2 eru líklega tveir öskuhaugar frá sinn hvoru húsinnu. Ekki sást ruslahaugur við Hús 3 svo að öruggt væri.



Mynd 6. Hús 3. Ljósi flöturinn sýnir ógreinilegar veggjaleifar af eldra mannvirki. Hefur það haft eilítið aðra stefnu en yngra húsið (eins og fram kemur í prufuholu 2 virðist stefna húsanna hafa breyst eftir endurgerð). Í miðri holunni er hraunhellan.


Austan við Hús 2 og sunnan við Hús 3 er vatnsból. Er það jarðfall sem rigningrvatn safnast í. Vatnsból af sömu gerð eru við önnur sel á svæðinu svo sem Óttarstaðasel, Gjásel og Straumssel. Þessi vatnsból voru hreinsuð á vorin. Bólið við Fornasel er að einhverju leyti manggert¹, en fyrir hefur verið jarðfall sem hefur verið stækkað og að því rutt fyrir aðgengi að sunnanverðu.

7 C-14

Þrjú viðarkolasýni voru tekin, tvö úr Húsi 1 og eitt úr Húsi 2. Annað sýnið úr Húsi 1, efra sýnið, var úr tiltölulega stórum viðarbút sem reyndist vera eik. Hins sýnin tvö voru úr birki. Sýnið úr Húsi 2, sem tekið var úr neðsta gólfi hússins, var sent til C-14 greiningar (geislakolsgreiningar). Vegna smæðar sinnar varð að nota AMS greiningu. Niðurstaða greiningarinnar var:

C-14 ár	68% öryggi (1 zigma)	95% öryggi (2 zigma)	Skurðpunktur ²
390 ± 40	1450-1510 & 1600-1620	1430-1530 & 1550-1630	1470 AD

Leiðrétt skv. Stuiver, M., et. al., 1998, Radiocarbon 40(3).



Mynd 7. Leiðréttingarkúrfa C-14 greiningar sýnis nr. 2 (Beta – 149596).

Hlutfall ísótópanna C13/C12 er 26.7‰ sem þýðir af hafrænna áhrifa gætir ekki í sýninu (sem gerir sýni gjarnan eldri en þau eru). Ekki er

¹ Haft eftir Jónínu Björgu Guðlaugsdóttur sem fædd er í Lónkoti ári 1904.

² Skurðpunktur er flar sem C-14 aldur sker leiðréttingarkúrfuna (Intercept of radiocarbon age with calibration curve).

hægt út frá aldursgreiningunni að segja til um hvor niðurstaðan er réttari. Keramikbrotið, sem fannst í sama lagi og viðarkolin sem greind voru (í gólfinu) væri trúlega hægt að greina nánar, en það er trúlega frá því um 1600 – 1650. Það bendir til þess að líta beri á seinni töluna, þ. e. a. s. að sýnið sé með 95% öryggi frá 1550 – 1630.

8 Seljabúskapur

Trúlega hafa Íslendingar haft í seljum frá fyrstu tíð. Sel eru vel þekkt í Skandinavíu frá yngri járnöld (600 – 1050 e. Kr.) og þau því verið hluti af búskaparháttum eða menningu margra landnámsmanna hérlendis. Ekkert svo gamalt sel er þó þekkt á Íslandi enn sem komið er. Þrátt fyrir að flestir telji að landnámsmenn hafi tekið með sér seljamenningu til Íslands og flutt hana með sér til Grænlands síðar, var lengi t.d. talið að seljabúskapur hafi ekki þekkt í Færeyjum. Á fyrri hluta níunda áratugarins fannst þó sel við Eidisvatn á Eysturoy þegar áður óþekktar minjar voru rannsakaðar vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Örnefnið Argisbrekka var þekkt við vatnið austanvert, en argi er sama og sel. Reyndist selið vera frá 10. öld og ólíkt þeim seljum sem við þekkjum frá seinni tíð (Mahler 1989). Því hlýtur það að vera tímaspursmál hvenær svo gamalt sel finnst á Íslandi.

Því hefur verið haldið fram að í upphafi hafi sel verið nálægt bæjum, en færst til fjalla síðar meir (Jakob Benediktsson 1972:717-718). Þessi staðhæfing byggir eingöngu á lýsingum fornsagna, en þar kemur fram að sel séu við eða nálægt bæjum. Þar kemur þó aukreitis fram að finna má þau til fjalla.

Á seinni öldum var búpeningur yfirleitt hafður í seli frá miðjum júní til seinni hluta ágústmánaðar (Þorvaldur Thoroddsen 1919:209). Oft var þó haft í seli skemur en svo, í fimm til sex vikur á sumri eins og t.d. í Eyjafirði á síðustu öld (Göngur og réttir 1953:254). Vanalega voru húsin þrjú, svefnsel (baðstofa/íveruhús), eldhús og búr (mjólkurbúr og skyrbúr). Einnig voru stekkir, krær og réttir hluti af selinu. Á seljunum voru bæði kýr og ær. Þar var mjólkað, strokkað og þar voru gerðir ostar og smjör. Skv. búalögum, fornum lagabálki um viðskipti o.fl., skyldu þrjár konur vera í seli (Einar Laxness 1995:82).

Upp úr 1700 fór seljum að fækka og reyndi yfirvaldið að sporna gegn fækkuninni með því að skipa bændum að hafa búfé sitt á seljum til að hlífa heimahögum og slægjum. Því var ekki hlýtt og fækkaði seljum hægt og bítandi og voru nánast aflögð á 19. öld þrátt fyrir áróður ýmissa framfaramanna (Þorvaldur Thoroddsen 1919:210). Lengst var hugsanlega haft í seli í Eyjafirði en síðast var haft þar í seli

í Djúpadal árið 1901 (Göngur og réttir 1953:253). Sumar selstöður urðu að býlum, önnur að beitarhúsum en flestar að grænum rústum.

Ekkert sel er fullrannsakað hér á landi, en nokkur hafa verið rannsökuð lítilega með prufuholugreftri (Bjarni F. Einarsson 1989. Guðrún Sveinbjarnardóttir 1992). Vegna þessa er ekki hægt að segja neitt með vissu um gerðþróun selja hér á landi og þar með aldursgreina þau. Þó má varpa fram þeirri tilgátu að elstu selin hafi verið svipuð þeim í Noregi og að þau hafi síðan breyst í samræmi við almenna þróun húsagerðar hér á landi. Við Sognafjörðinn í V - Noregi hafa sel frá yngri járnöld (600 – 1050 AD) verið rannsökuð (Magnus 1983). Selin voru lítil, stundum aflöng hús, gjarnan með einn gaflinn opinn (þil?). Veggir í þeim voru úr grjóti, en það er sama veggefni og fyrirfinnst í veggjum venjulegra skála. Úr hvaða efni veggir selja annarstaðar frá í Noregi er mér ekki kunnugt um, en skyldi það vera torf sumstaðar?

Eina selið í Færeyjum, við Argisbrekku, var svolítið frábrugðið seljunum í V-Noregi, bæði voru húsin lengri og með dálítið bogna langveggi sem svipaði til skála (Mahler 1989:154). Hús af þessu tagi finnast við selstöður hér á landi svo sem við á Hólasel í Eyjafirði og getið verður síðar (Bjarni F. Einarsson 1989:27). Með tíð og tíma geta selin hafa orðið flóknari og fleiri hólf eða herbergi orðið samvaxin og myndað eitt hús. Má jafnvel hugsa sér að efnið í veggi húsanna hafi breyst í samræmi við þróun þess í íbúðarhúsunum, þ.e.a.s. að í upphafi hafi verið notað torf, en grjótið komið inn síðar. Selið við Argisbrekku á Færeyjum var byggt úr torfi einu saman og hafði verið endurbyggt nokkrum sinnum (Mahler 1989:155).

Innst á Eyjafjarðardal, u.þ.b. 2 km suður af landnámsbýlinu Granastaðir, eru rústir Hólasels. Við prufuholugróft var staðfest að selið var örugglega eldra en 1332 (G 1362). Mátti leiða að því ákveðnar líkur að selið sé jafnvel frá lokum víkingaldar (Bjarni F. Einarsson 1989:43-44 og 1995:106). Hve lengi selið var í notkun veit ég ekki, en í Sýslu- og sóknarlýsingu segir að í Hólasókn tíðkist ekki selferðir, sú lýsing var skrifuð árið 1840 sem gæti bent til þess að þá hafi Hólasel verið aflagt (Sýslu- og sóknarlýsing Eyjafjarðarsýslu 1972:182).

9 Niðurstaða

Allt bendir til þess að haft hafi verið í seli að Fornaseli frá því um 1600 og fram á 19. öld. Hús 1 og 2 hafa verið byggð ofan í dálítilli sprungu í hrauninu og með tíð og tíma hefur sprunga þessi fyllst af áfoki, mannvistarlögum og mold og selið hækkað hægt og bítandi við hverja endurbyggingu sem átt hefur sér stað. Slíkar endurbyggingar

virðast allavega hafa verið þrjár. Þessi mikla jarðvegsmyndun sem átt hefur sér stað bendir frekar en ekki til þess að selstaðan eigi sér langa sögu frekar en að áfok sé mikið á staðnum. Kannski er sú saga lengri en C-14 niðurstaðan gefur tilefni til að ætla.

Hús 1 og 2 virðast bæði vera mannabústaðir. Hús 3 gæti verið það, en hólfíð sem var kannað í því var ekki mannabústaður heldur trúlega búr. Varla hafa öll húsin verið í notkun samtímis, eða að þau hafi haft breytilega notkun. Þegar eitt þeirra var nýtt sem mannabústaður, var annað eða önnur nýtt sem búr, eldhús eða annað. Hús 1 minnir mest á húsin frá Færeyjum og gæti því gerðþróunarlega séð verið það elsta. Öll eru húsin hlaðin úr hraungrjóti og hellum.

Staðsetning selsins, og annarra selja á svæðinu, er all óvenjuleg fyrir þær sakir að þar er ekki rennandi vatn og selin kúra ekki utan í fjalshlíð eins og alvanalegt er. Vatnsleysið er vandamál á svæðinu öllu og það var leyst með rigningarvatni í vatsbólinu. En að selið skuli ekki vera í Undirhlíðum, er undarlegt, en skýringin gæti verið að þar er ekki rennandi vatn og jarðvegur of gljúpur til að hægt sé að safna því með góðu móti. Eins gætu eignarhald verið skýringin (ekki kannað nú). Þessi staðreynd virðist gilda fyrir öll sel á svæðinu svo sem Straumssel, Óttarsstaðasel, Lónakotssel og Hvassahraunssel.

10 Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach.*

Granastaðir and the Ecological Heritage. Reykjavík 1995.

Sami. *Könnun á fornleifum í landi Óttarsstaða og Straums.* Skýrsla unnin fyrir Umhverfis- og útivistarfélag Hafnarfjarðar.

Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1998.

Sami. *Jónsbúð.* Prufuholugróftur í þurrabúð við

Straumsvík. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1999.

- Einar Laxnes. *Íslandssaga A – Ö*. Reykjavík 1995.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir. „Shielings in Iceland. An Archaeological and Historical Survey.“ *Acta Archaeologica* Vol. 61-1990. København 1991.
- Göngur og réttir*. V. Eftirsafn frá hausti til hausts. Akureyri 1953.
- Hraunin við Straumsvík*. Kynningarbæklingur um útivistarsvæði í Hraununum. Útg. af Umhverfis- og útivistarfélagi Hafnarfjarðar. 1998.
- Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð I*. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940. Húsafriðunarnefnd ríkisins. Reykjavík 1998.
- Jakob Benediktsson. „Sæter.“ *Kulturhistorisk Lexikon for Nordisk Middelalder* 17. København 1972.
- Landmælingar Íslands*. Staðfræðikort. Mælikvarði 1:25 000. 1989.
- Magnus, B. „Seterdrift i Vest-Norge i yngre jernalder? En foreløpig rapport om en undersøkelse.“ *Hus, gård och bebyggelse. Föredrag från det XVI nordiska arkeologmötet, Island 1982*. Reykjavík 1983.
- Mahler, D.L.D. „Argisbrekka: Nye spor efter sæterdrift på Færøerne.“ *Hikuin* 15, pp. 147-170.
- Sýslu- og sóknarlýsingar*. Árnessýsla. Reykjavík 1979.
- Sýslu- og sóknarlýsing Eyjafjarðarsýslu*. Eyfirsk fræði II. Akureyri 1972.
- Þorvaldur Thoroddsen. *Lýsing Íslands*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1919.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Fornasel í landi Þorbjarnarstaða í Hafnarfirði, Gullbringusýslu.

Verkeiðandi:

Umhverfis- og útivistarfélag Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Fornleifafræðistofan.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

23. nóvember 1998 og 26. maí 2000.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Aðstoðarmenn:

Jónatan Garðarsson, Daniel Lindblad, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Auður Magnúsdóttir, Karl Rúnar Þórsson og Björn Pétursson.

Forvarsla:

Ragnheiður Valdimarsdóttir, forvörður á Fornleifafræðistofunni.

Greiningar:

Greining á viðartegundum (sýni 1-3) Alf Bråthen og C – 14 greining (sýni 2) Beta Anal. Inc. Florida.

Rannsóknartími:

Frá nóv. 1999 – sept. 2000.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Mælingar:

Engar.

Grafinn flötur:

4 fermetrar og ca. 3,5 rúmmetrar.

Geymsla gagna:


Frumgögn og gripir munu verða geymdir hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar þar til annað verður ákveðið.


Gripaskrá bls. 15


Sýnaskrá bls. 17


Litskyggnuskra bls. 18


Skrá yfir stafrænar myndir bls. 20


Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
1	Naglar, bönd, teinar, gler, ker. og hismi af skel	M-lag	23	106,1	
Efniviður		Athugasemdir			
Járn, gler, postulín og hismi		Hús 1			
Dags		X	Y	Z	
10.06.2000		89	114	-	
<p>Járn: 16 st. 104,5 g. Naglar, bönd og teinar. Gler: 3 st. 1,3 g. Glös! Postulín: 1 st. 0,1 g. Blámálað öðru megin (17. öld?). Hismi: 3 st. 0,2 g. Kúskel?</p>					

Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
2	Naglar, bönd og teinar	M-lag	7	46,7	
Efniviður		Athugasemdir			
Járn		Hús 2			
Dags		X	Y	Z	
10.06.2000		83	120	-	


Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
3	Teinn, lykkja, hismi af skel og brýni	M-lag	4	5,1	
Efniviður		Athugasemdir			
Járn, hismi og flöguberg		Hús 3			
Dags		X	Y	Z	
10.06.2000		93	127	-	
<p>Járn: 2 st. 2,8 g. Hismi: 1 st. <0,1 g. Brýni: 1 st. 2,3 g.</p>					

Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
4	Kopar	M-lag	1	1,0	
Efniviður		Athugasemdir			
Kopar		Hús 1			
Dags		X	Y	Z	
3.9.2000		89	114	-	
<p>Hluti af hring utan um tré?</p>					


Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
5	Keramík	M-lag	1	2,3	
Efniviður		Athugasemdir			
Rauðleir		Hús 1			
Dags		X	Y	Z	
3.9.2000		89	114	-	
<p>Rauðbrúnn glerungur að innanverðu.</p>					

Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
6	Hnappur	M-lag	1	3,1	
Efniviður		Athugasemdir			
Silfur?		Hús 1			
Dags		X	Y	Z	
3.9.2000		89	114	0,43	
<p>Óskreyttur.</p>					


Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
7	Járn	M-lag	1	5,3	
Efniviður		Mannvirki		Athugasemdir	
Járn		Hús 1			
Dags	X	Y	Z		
3.9.2000	89	114	0,58		




Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
8	Krítarpípuleggur, hóffjöður, ker. hnífur,	M-lag	8	34,9	
Efniviður		Mannvirki		Athugasemdir	
Krít, járn, rauðleir og bein		Hús 2		Járn: 4 st. 25,6 g. Krítarpípuleggur: 1 st. 5,5 g. Keramik: 1 st. 2,4 g. Glerungur öðru megin (innan?), sinnepsg. Bein: 2 st. 1,4 g. Hnífur í 2 hlutum.	
Dags	X	Y	Z		
3.9.2000	83	120	0,55		




Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
9	Keramík	M-lag	1	0,4	
Efniviður		Mannvirki		Athugasemdir	
Rauðleir		Hús 2		Rauðbrúnn glerungur (eins og nr. 5) öðru megin.	
Dags	X	Y	Z		
7.10.2000	83	120	-		



Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
10	Naglar, keramik og hólkur?	M-lag	4	17,5	
Efniviður		Mannvirki		Athugasemdir	
Járn, gulur leir og silfur?		Hús 2		Járn: 2 st. 16,0 g. Keramik: 1 st. 0,4 g. Okkurgulur glerungur, kannbrot Hólkur: 1 st (í 3 molum). 1,1 g. Hólkurinn er skreyttur.	
Dags	X	Y	Z		
5.10.2000	83	120	1,17		



Nr.	Heiti	Lag	Fj.	g	Ljósmynd
11	Hnífur	Neðsta	1		
Efniviður		Mannvirki		Athugasemdir	
Tré, járn og kopar		Hús 1		Hnífurinn er nokkuð heillegur. Lítið er eftir af blaðinu, sem virðist vel forbrýnt.	
Dags	X	Y	Z		
5.10.2000	83	120	-		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Sýsla</i>	<i>Nr.</i>
Fornasel	Hafnarfjörður	Gullbringusýsla	1
<i>Tákntala</i>	<i>Dags</i>	<i>Teg. sýnis</i>	<i>Greining?</i>
1400	3.9.2000	Betula (kolað birki)	Aldur
			<i>G</i>
			6,5
<i>Niðurstaða</i>			<i>Mannvirki</i>
Betula (Birki)			Hús 1
<i>X</i>	<i>Y</i>	<i>Z</i>	<i>Dýpi</i>
89	114	-	0,66
			<i>Lag</i>
			M-lag (gólf)
			<i>Númer lags</i>
<i>Athugasemdir</i>			
Sýnið er tekið í einu góflagin, en gólfín voru nokkur (ca. 3 - 5). Ekki sent í aldursgreiningu.			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Sýsla</i>	<i>Nr.</i>
Fornasel	Hafnarfjörður	Gullbringusýsla	2
<i>Tákntala</i>	<i>Dags</i>	<i>Teg. sýnis</i>	<i>Greining?</i>
1400	15.10.2000	Betula (kolað Birki)	Aldur
			<i>G</i>
			5,9
<i>Niðurstaða</i>			<i>Mannvirki</i>
390 +/- 40 BP (mæld 420 +/- 40 BP)			Hús 2
<i>X</i>	<i>Y</i>	<i>Z</i>	<i>Dýpi</i>
83,05	120,05	-	1,17
			<i>Lag</i>
			Gólf
			<i>Númer lags</i>
<i>Athugasemdir</i>			
Sýnið er tekið í neðsta gólfi. Hluti af sýninu var sent til viðar- og aldursgreiningar (C-14). Með 2 zigma leiðréttingu (95% öryggi) er niðurstaðan: 1430 - 1530 AD eða 1550 - 1630 AD. Með 1 zigma leiðréttingu (68% öryggi) er niðurstaðan: 1450 - 1510 AD eða 1600 - 1620 AD.			


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Sýsla</i>	<i>Nr.</i>
Fornasel	Hafnarfjörður	Gullbringusýsla	3
<i>Tákntala</i>	<i>Dags</i>	<i>Teg. sýnis</i>	<i>Greining?</i>
1400	18.06.2000	Viðarkol	Viðartegund
			<i>G</i>
			50.5
<i>Niðurstaða</i>			<i>Mannvirki</i>
Quercus (Eik)			Hús 1
<i>X</i>	<i>Y</i>	<i>Z</i>	<i>Dýpi</i>
89	114	-	-
			<i>Lag</i>
			M-lag (gólf)
			<i>Númer lags</i>
<i>Athugasemdir</i>			
Ofarlega í lögum og ekki nýttur til aldursgreiningar. Sýnið er úr spýtu eða borði. Skv. greiningu var um eik að ræða. Einn árshringurinn var 1,4 mm breiður.			


Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	5	10.06.2000	N	Karl Rúnar og Auður við prufuholu 1 í Húsi 1.
1	6	10.06.2000	A	Björn og Lofísa við prufuholu 3 í húsi 3.
1	7	10.06.2000	SA	Hús 3.
1	8	10.06.2000	NV	Jónatan og Auður við prufuholu 2 í Húsi 2.
1	9	10.06.2000	S	Jónatan við prufuholu 2 í Húsi 2.
1	10	10.06.2000	N	Hluti af hópnum við Hús 3 í lok vinnudags.
1	11	10.06.2000	N	Hluti af hópnum við Hús 3 í lok vinnudags.
1	12	10.06.2000	SV	Björn við prufuholu 1 í Húsi 1.
1	13	10.06.2000	S	Prufuhola 2. Veggjahleðsla frá síðasta skeiði hússins. Horn. Sjá má móösku í gólfi.
1	14	10.06.2000	S	Prufuhola 2. Veggjahleðsla frá síðasta skeiði hússins. Horn. Sjá má móösku í gólfi.
1	15	10.06.2000	-	Prufuhola 2. Veggjahleðsla frá síðasta skeiði hússins. Sjá má móösku í gólfi.
1	16	10.06.2000	NV	Yfirlit yfir Hús 3. Vatnsbólið í forgrunni.
1	17	10.06.2000	NV	Yfirlit yfir Hús 3. Vatnsbólið í forgrunni.
1	18	10.06.2000	VSV	Yfirlit yfir Hús 2. Vatnsbólið í forgrunni.


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	19	10.06.2000	A	Yfirlit yfir Hús 3.


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	20	10.06.2000	S	Yfirlit yfir Hús 2.


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
1	21	10.06.2000	S	Yfirlit yfir Hús 1.

<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> Maí 2000	<i>Mót</i> NV		<i>Mynd nr.</i> 1
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Auður og Karl Rúnar við prh. 1.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> Maí 2000	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i> 2
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Björn og Lovísa við Prh. 3.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> Maí 2000	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i> 3
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Jónatan G. við Prh. 2.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> Maí 2000	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 4
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Prh. 2.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> Maí 2000	<i>Mót</i> S		<i>Mynd nr.</i> 5
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Prh. 1.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Maí 2000		6
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 3.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000		7
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Grafarar.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	VSV	8
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Björn við Prh. 1.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	V	9
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	V	10
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Fornasel	Hafnarfjörður	1400		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	VNV		11
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Olympus C-820L	Prh. 2.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Fornasel	Hafnarfjörður	1400		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	VNV		12
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Olympus C-820L	Prh. 2.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Fornasel	Hafnarfjörður	1400		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	VNV		13
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Olympus C-820L	Prh. 2.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Fornasel	Hafnarfjörður	1400		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000			14
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Olympus C-820L	Prh. 3.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Fornasel	Hafnarfjörður	1400		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	V		15
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Olympus C-820L	Prh. 1.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000		16
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 3.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	N	17
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 3, snið.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	V	18
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Brunnur. Jónatan G. og Hús 2.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	NA	19
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Hús 3.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	V	20
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 2.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	V	21
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 2.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000	N	22
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1, gólf m.m.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Júní 2000		23
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Busi við Fornasel.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000	S	24
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1, neðra gólf (af 3).		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000	N	25
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1, botn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000	SA	26
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 2, veggur.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000	N	27
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1, jarðlög.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000		28
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 1, neðra gólf.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000	N	29
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 2, jarðlög		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Fornasel	Hafnarfjörður	1400	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Gullbringusýsla	Ágústi 2000		30
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus C-820L	Prh. 2, S-endi.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> 15.10.2000	<i>Mót</i> -		<i>Mynd nr.</i> 31
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Hnífur úr prufuholu 2. Skaft úr timbri með brons nöglum (hnoð).			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Fornasel	<i>Sveitarfélag</i> Hafnarfjörður	<i>Tákntala</i> 1400		
<i>Sýsla</i> Gullbringusýsla	<i>Dags</i> 15.10.2000	<i>Mót</i> -		<i>Mynd nr.</i> 32
<i>Myndavél</i> Olympus C-820L	<i>Myndefni</i> Hnífur úr prufuholu 2. Skaft úr timbri með brons nöglum (hnoð).			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				